



# Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

9. fundur stjórnar 2023-2024 föstudaginn 26. janúar 2024

kl. 12.00 – 14.00 haldinn í Gimli, stofu 301 og á Teams.

Mætt: Ólafur Páll Jónsson og Þóroddur Bjarnason.

Á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Guðný Björk Eydal, Grétar Þór Eypórsson, Hólmfríður Garðarsdóttir, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

## Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerðir lagðar fram til afgreiðslu:
  - a) Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023 (Fskj. 1)
  - b) Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 5. janúar 2024 (Fskj. 2)
2. Fundur með SNR.
3. Sáttmálasjóður. Samþykkt háskólaráðs HÍ og viðbrögð félagsins.
4. Skipun fulltrúa FPR í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora til tveggja ára.
5. Aðalfundur FPR.
6. Erindi sem hafa borist frá félagsfólki:
  - a) Bréf dags. 15. janúar 2024. (Fskj. 3 a-e)
  - b) Bréf dags. 17. janúar 2024. (Fskj. 4 a-c)
7. Næsti stjórnarfundur.
8. Önnur mál.

## Fylgiskjöl með fundargerð:

- 1.-2. Fundargerðir frá 31. október 2023 og 5. janúar 2024.
- 3 a-e. Bréf dags. 15. janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.
- 4 a-c. Bréf dags. 17. Janúar 2024 ásamt fylgiskjölum.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.00.

## 1. Fundargerðir lagðar fram til afgreiðslu:

- a) **Fundargerð 5. stjórnarfundar frá 31. október 2023.** (Fskj. 1)

Fundargerðin var samþykkt samhljóða.

- b) **Fundargerð 8. stjórnarfundar frá 5. janúar 2024.** (Fskj. 2)

Fundargerðin var samþykkt með breytingum.

Fundargerðir 6. og 7. fundar voru afgreiddar í tölvupósti sbr. ákvörðun stjórnar á síðasta stjórnarfundum.

## 2. Fundur með SNR.

Fundur samninganefndar FPR með formanni og hagfræðingi BHM verður nk. þriðjudag til að ræða verklag í samningaviðræðum.

## 3. Sáttmálasjóður. Samþykkt háskólaráðs HÍ og viðbrögð félagsins.

Mikil óánægja er með samþykkt háskólaráðs um að leggja ekki til fjármagn í Sáttmálasjóð á árinu 2024 sem var ákveðið einhliða og með nánast engum fyrirvara. Formaður sendi félagsfólki bréf með fréttum um Sáttmálasjóð þann 22. desember ásamt ályktun félagsins frá 21. desember og voru talsverð viðbrögð við því. Rætt var um viðbrögð félagsins. Ákveðið var að athuga málið áfram í samstarfi við FH.

#### 4. Skipun fulltrúa FPR í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora til tveggja ára.

Eftirtaldir fulltrúar eru í stjórn sjóðsins 2022-2024:

Fulltrúar FPR; Gísli Már Gíslason, formaður sjóðsins og Aðalheiður Jóhannsdóttir.

Fulltrúar ríkisháskólanna; Hafliði Pétur Gíslason, HÍ og Kristinn P. Magnússon, HA.

Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Halldóra Friðjónsdóttir sem tók við af Jökli H.

Úlfssyni 1. október 2024.

Gísli Már og Aðalheiður gefa ekki áfram kost á sér en þau hafa verið frá stofnun sjóðsins.

Eftirtaldir tilnefningar bárust um fulltrúa FPR í stjórn sjóðsins:

Eyvindur G. Gunnarsson prófessor við lagadeild HÍ og Oddný Sverrisdóttir prófessor við mála- og menningardeild HÍ.

Bréf var sent til háskólanna fjögurra með ósk um tilnefningar. Eftirfarandi tilnefningar bárust:

Frá HÍ; Guðmundur R. Jónsson prófessor og framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnarsýslu við HÍ. Frá HA; Kristinn P. Magnússon prófessor við Auðlindadeild HA.

Ofangreindar aðilar voru samþykktir sem fulltrúar í stjórn sjóðsins 2024-2026.

Ný stjórn SP var hvött til að endurskoða reglur sjóðsins í ljósi breyttra aðstæða vegna Sáttmálasjóðs og mun stjórn FPR senda stjórn SP erindi þess efnis.

#### 5. Aðalfundur FPR.

Lagt við til að aðalfundur FPR verði þriðjudaginn 7. maí kl. 12-14 eða síðar um daginn.

Kannað verði hvaða stofa er laus á þessum tíma með hliðsjón af prófatíma hjá HÍ.

#### 6. Erindi sem hafa borist frá félagsfólki:

##### a) Bréf dags. 15. janúar 2024. (Fskj. 3 a-e)

Bréf frá prófessor um stjórn og trúnaðarstörf. ÓPJ og HG fóru yfir málið. Ákveðið var að fá fund með lögfræðingi BHM um málið.

##### b) Bréf dags. 17. janúar 2024. (Fskj. 4 a-c)

Erindi frá prófessor vegna kennslu. ZOJ fór yfir málið.

HG vék af fundi kl. 13.20.

Ákveðið var að kalla eftir nánari upplýsingum frá sviðsforseta viðkomandi deildar um málið.

#### 7. Næsti stjórnarfundur.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður föstudaginn 9. febrúar kl. 12-14.

#### 8. Önnur mál.

##### a) Yfirlýsing vegna útreikninga á vinnustundafjölda vegna kennslu við HÍ.

Sameiginleg yfirlýsing FPR og FH vegna samræmingar á útreikningi vinnustundafjölda vegna kennslu við HÍ var send rektor HÍ þann 12. janúar sl. (Fskj. 5)

##### b) Lífskjararannsókn BHM.

Lífskjararannsókn BHM var send félagsfólki FPR 19. janúar sl. Um er að ræða rannsókn sem er lögð fyrir í fyrsta sinn í tengslum við kjarasamninga.

##### c) Fundur með rektor HÍ.

Formaður mun kalla eftir fundi með rektor HÍ með stjórn FPR til að ræða kjaramál prófessora, styttingu vinnuvikunnar, framlög í Sáttmálasjóð og fleira.

**d) Málþing FPR og FH um stigamatskerfið.**

Undirbúningur málþings FPR, FH og HA um stigamatskerfið gengur vel. ÞB ásamt fulltrúa FH eru að skoða hvaða upplýsingar þeir geti fengið og hversu langan tíma tekur að vinna úr þeim. Þegar það liggur fyrir er hægt að ákveða tímasetningu málþingsins.

**e) Launaþróun prófessora.**

Rætt var um að fá hagfræðing BHM á næsta stjórnarfund til að kynna niðurstöður úttektar hans á launa- og kaupmáttarþróun innan BHM á árunum 2018-2023 með áherslu á prófessora.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.50.

Fundarritari: LP.